

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember, 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsemi stjórnmalaflokka, nr. 162/2006 (framlög hins opinbera til stjórnmalastarfsemi) – 85. Mál

Samtök skattgreiðenda lýsa yfir eindregnum stuðningi við ofangreint frumvarp þrátt fyrir að telja það engan veginn ganga nógu langt. Enn frekar þyrfti að takmarka fjárástur skattgreiðenda til stjórnmalaflokka, innan sem utan þings.

Núverandi fyrirkomulag, sem gert hefur stjórnmalaflokka að ölmusubörnum skattgreiðenda, er einhver sú mesta spilling sem fyrirfinnst í íslensku samfélagi. Þannig er öllum almenningi gert að styðja fjárhagslega við stjórnmalaoöfl sem það kann að vera algerlega ósammála auk þess sem þessi stuðningur gerir nýjum stjórnmalaflokkum og pólitískum viðhorfum erfitt fyrir að keppa við þessi ölmusubörn ríkisins, sem skammta sér fjár að vild. Undarlegt má telja að Samkeppniseftirlitið skuli ekki hafa gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag, enda yfirmáta samkeppnishamlandi.

Núverandi kerfi hefur haft slæm áhrif á allt stjórnmalalíf í landinu, fækkað þátttakendum í pólitísku starfi og einfaldlega festir í sessi þá sem fyrir sitja á (ríkis)jötunni og krefst einskis af þeim til að sinna grasrótinni.

Stjórnmalaflokkar eiga ekki að njóta neinna styrkja frá skattgreiðendum og eiga að vera upp á fylgjendur sína komnir fjárhagslega.

Það er von Samtaka skattgreiðenda að stjórnmalaoöfl á þingi sem trúa á ráðdeild hins opinbera, tala gegn spillingu og með gegnsæi og vilja stuðla að meiri þátttöku almennings í pólitísku starfi, taki undir með flutningmönnum þessarar tillögu og veiti þessu frumvarpi brautargengi.

Virðingarfyllt,

Skafti Harðarson
Formaður Samtaka skattgreiðenda